




Asgerður Búadóttir : Jökulrós, ull, hrossháár.

Hlutverk sýningarinnar

Haustsýning FÍM hefur um langt árabil verið fastur og mikilvægur viðburður í listalífi hér í borg. Með sýningunni hefur verið skapaður ágætur vettvangur til að draga saman á eitt torg það á hugaverðasta sem gerst hefur í myndlist á hverjum tíma bæði eftir eldri og yngri listamenn. Þátttakan í sýningunum gegnum árin hefur verið misjöfn, sem að vissu marki hefur má speglað félagsdeilur milli myndlistarmanna og raunverulega samstöðu þeirra við FÍM. Það átti samt sem áður dillum að vera ljóst og er þá skemmt að minnast á takanna um Kjarvalsstaði á sl. vetri hve heildarsamtök alvarlega starfandi myndlistarmanna eru nauðsynleg og mikilvæg. Með það í huga að fyrirnefnd deila FÍM og borgaryfirvalda stöðu fyrst og fremst um listrænt gæðamat á sýningum að Kjarvalsstöðum var það einkum mikilvægt að þessu sinni að féluginu tækist að tjalda til því besta sem völ væri á og að félagsmenn sýnu þá félagslegu samstöðu að gefa því gæðamati sam FÍM barðist fyrir raunverulegt innihald. En ef að er gætt hve lítill hluti félagsmanna, aðeins 31 af 80, sýnir hér, getur það vart talist mikil þátttaka, né bera vott um mikla félagslega samstöðu. Auk þessara félagsmanna sýna hér 13 utanfélagsmenn, alls 144 verk í ýmsum eignum.

Það gefur auga leið að hér gefst ekkert rúm til að tjúnda framlag hvers og eins til neinnar hlitar, og vel ég þann kostinn að gera að umtalsefni þau meginviðhorf, sem hér birtast á sýningunni og geta um nokkra fulltrúa þeirra.

Hefðbundinn expressionismi

Samhlíða þeim ýmsu stílbreytingum, sem hafa orðið í íslenskrum myndlist á þessari öld, hefur ávallt verið til staðar myndgerð, sem um flest byggir á listskilningi. Impressionismi og expressionismi kringuma síðustu aldamót. Þessi listskilningur mótaði öðrum fremur brautrygðendur okkar í byrjun aldarinnar, sem virkjuðu hann á persónulegan og stórfenglegan hátt. Í höndum þeirra kynslóða sem við tóku

staðnaði þessi myndgerð og varð að léttvægri formúlulísi, þar sem allar stærðir voru fyrirfram þekktar. Myndgerðin hefur í æríkara mæli fengið svipmót andlausrar og vélrænnar færifandaframleiðslu en listrænnar sköpunar. Samt hefur þessi tegund myndgerðar ávallt haft greiðan aðgang að hjörtum Íslendinga, og eru þeir myndgerðarmenn ófáir sem hafa tekið að sér það hlutverk að annast hina miklu eftirspurn, markaðsins. Samt eru í þessum eignum örfáar undantekningar, og tvo slíka málara má einmitt sjá hér á sýningunni, þá Jóhannes Geir og Sigurð Sigurðsson. Sigurður sýnir hér fjögur ollumálverk, og þó hann velji sér gjarnan sjónarhorn á myndefni sem gefur því talsvert óhlutlaegt gildi, þá liggur hér til grundvallar fyrst og fremst einlæg náttúruupplifun, eins og t.a.m. í myndinni „Kvöld“, þar sem hann með mildum blæbrigðafinum litalekkjum framkallar ljóðrænan myndheim.

Abstrakt list

Ef einhver ein myndgerð hefur öðrum fremur verið ráðandi á sýningum FÍM um langt árabil eru það abstrakt verk, en sá höpur ur málara var um langt skeið allsráðandi í féluginu. Að þessu sinni bregður svo við að marga af ágætustu fulltrúum þessa viðhorfs vantar hér á sýninguna. Út frá formgerðinni má segja að flestir standi milli tveggja póla, sem eru annars vegar hin stranggeometrisku verk Eyborgar Guðmundsdóttur, sem allt að því virðast söthreinsuð í hreinleika sínum, og hins vegar verk Magnúsar Kjartanssonar, þar sem gróf pensilskrift og ýmis efnisáferð setur meginmark.

Af eldri kynslóðinni sem hér sýnir má nefna Sigurjón Ólafsson, Kristján Davíðsson og Hörð Agústsson, sem allir sýna hér á hugaverð verk í sjálfu sér, þó þeir bæti lítið við fyrri afrek sín. Kjartan Guðjónsson á hér þrjú af hyggisverð verk, sem öðru fremur einkennast af klasa smáforma, sem fela í sér flug og hraða, sem hann ýmist þjappar saman, herbir á eða mýkir og útkoman verður fornarænn samleikur. Collage-myndgerð hefur átt talsverðum vinsældum að fagna sem tjáningarmiðill að undanförunu, og hér

sýna þrír myndlistarmenn, sem vinna í þessa veru, Magnús Kjartansson, Ómar Skúlason og Sigurður Orlygsson. Þeir Magnús og Ómar vinna eftir mjög svo vel könnuðum leiðum, þar sem pappir af ýmsum gerðum og efnisáferð er teft á móti litubum flötum með grófri pensilskrift, sem afmarkast sín á milli af ströngum formfleygum. Verk Sigurðar Orlygssonar hafa á síðustu misserum orðið allt hláðari og formrænt fjölskrúðugari. Hér teflir hann gjarnan saman geometriskum formum og mjúkum ávolum bjúgformum og tekst þegar best lætur að skapa lifandi og samþjappaðan formheim, þar sem hvert form fær sína merkingu og hlutverk.

Mjúk ávöl form eru einnig aðaluppistaban í myndum Eyjólfssonar. Einarssonar þar sem þau ganga inn í margbreytilegt formrænt samhengi, spennast út eða þrengjast í mjúku hrynjandi eða tagna í formræmur, sem jafnvel fá á sig dulræna vidd. Einar Þorláksson sýnir hér þrjú verk og pastel-myndir hans búa yfir fingerum ljóðrænum þokka, en í stærsta verki hans „Nýgræðingurinn“, verður öll formgerðin flökari og margbrotnari, liturinn er spennur upp og allur myndflöturinn er virkjaður á kraftmikinn hátt. Asgerður Búadóttir og Leifur Breiðfjörð vinna bæði út frá óhlutlægum forsendum hvort í sínu efni og hafa það öðrum fremur sammerkt að styrkleiki verka þeirra felst öðru fremur í vönduðu handbragði og ríkri tilfinningu fyrir efninu, þó minna fari fyrir frumleika eða nýsköpun í forminu.

Annars verður að segja þá sögu eins og hún er að þetta úrtak abstrakt verka sem hér er gefur mjög takmarkaða mynd af stöðu þessara myndgerðar, þar sem marga af sterkustu fulltrúum hennar vantar hér á sýninguna.

Manneskjan og umhverfi hennar

Ein meginbreytingin í íslenskrum myndlist hin síðari ár er sú að manneskjan og umhverfi hennar hefur orðið ásækið myndefni. Sett fram á þekktanlegan og augljósan hátt. Ástæðurnar fyrir þessari breytingu eru margþættari en hér gefist tón til að tjúnda. Abstrakt listin hafði gengið sér til húðar í augum stórs hluta þeirrar kyn-



Ólafur Kvaran
skrifar
um
myndlist:

Haustsýning FÍM að Kjarvalsstöðum


Um þessar mundir stendur yfir að Kjarvalsstöðum haustsýning Félags íslenskra myndlistarmanna. Þar sýna 44 listamenn 142 verk, málverk, teikningar, grafík, vefnað, glermyndir og höggmyndir.



Magnús Kjartansson : Tvö SS í morgunleikfimi 5.

slóðar sem fram kom á sjöunda áratugnum. Hún var ekki lengur lifandi og virkur tjáningarmiðill fyrir tilfinningar og hugmyndir þessara kynslóðar. Manneskjan og umhverfi hennar, hvort sem hún var sett í félagslegt samhengi eða var yfirgefin og einangruð, varð nú eitt meginviðfangsefni margra myndlistarmanna.

Þó þetta myndefni sé sameiginlegt mörgum hér á sýningunni þá er með engu móti hægt að fella þá alla undir einn hatt, þar eð verk þeirra eru ólík að formi og merkingu. Í grafík-myndum Þórar Hallar er náttúran séð frá ólíkum sjónarhornum aðalmyndefnið, sem hann útfærir á næman og finngæran hátt. Verk hans fjalla um samlif manns og umhverfis, en einnig um utanaðkomandi ógnun, sem raskar öllu samræmi og leiðir hugann að mengun og náttúruþjöllum hvers konar. Það sem öðru fremur einkennir verk hans er fingerð og meitluð formgerð, sem hann beittir af nákvæmni og af fádæma tæknilegri kunnáttu. Jón Reykdal sækir á mið brennandi þjóðfélagsmála, í þeim myndum sem hann sýnir hér, eins og t.a.m. í „Þjóðsaga nr. 2: Heimsókn“, þar sem hann þjappar saman á hugvitssamlegan hátt tákun, sem lýsa félagslegri stöðu konunnar, karlmannaveldinu og skynsemishyggju velferð-




Eyjólfur Einarsson : Komposition (olla) 1.



Kristján Davíðsson : Andlit í polli, olfa 3.



Jón Reykdal. Þjóðsaga nr. 1 : Til heiðurs Jónum 2.



Einar Þorláksson : Nýgræðingur (acryl) 10.

skotahlutum" og lætur þá í senn á áhrifamikinn hátt vinna saman sem tákni og formræn eigindi.


Hvað speglar sýningin?

En hvaða mynd dregur sýningin upp í heild sinni af stöðu íslenskrar myndlistar í dag, eða

gefur hún í rauninni tilefni til slíkrar spurningar? Eg tel það hæpið, því þótt hún spanni yfir flest þau viðhorf sem hér eru ráðandi — í misjöfnum mæli þó — þá er því ekki að neita að marga af sterkustu listamönnum okkar vantar á sýninguna. Gildir þetta einkum um abstraktmálarana, grafíkera og þá er leggja stund á „concept“-list, og veikir þetta vissulega hlutverk sýningarinnar sem úrtak af því áhugaverð-

asta sem unnið er nú í myndlist. Af þessum sökum er varhugavert að vera með alhæfingar um stöðu íslenskrar myndlistar út frá þessari sýningu, þar sem hún gefur ekki tilefni til slíkrar umræðu. En þrátt fyrir það er óhætt að fullyrða að haustsýningin er áhugaverð og ber þess ljósan vott að mikil breidd er í íslenskri myndlist um þessar mundir. Þá ályktun er allavega óhætt að draga.

Ólafur Kvaran.



Sigurjón Ólafsson : Frumdrög að minnismerki yfir Garðar Svavarsson. „Farfuglar“. plast. 9.